

# **Framkvæmd fjárlaga janúar til september 2001**



**RÍKISENDURSKOÐUN**

Nóvember 2001



# Efnisyfirlit

<b>SAMANTEKT</b> .....	<b>5</b>
<b>1 INNGANGUR</b> .....	<b>7</b>
<b>2 FJÁRLÖG ÁRIÐ 2001</b> .....	<b>9</b>
<b>3 TEKJUR OG GJÖLD RÍKISSJÓÐS</b> .....	<b>13</b>
3.1 AFKOMA RÍKISSJÓÐS .....	13
3.2 SAMANBURÐUR TEKNA VIÐ FYRRA ÁR .....	13
3.3 SAMANBURÐUR TEKNA VIÐ ÁÆTLUN.....	18
3.4 SAMANBURÐUR GJALDA VIÐ FYRRA ÁR.....	22
3.5 SAMANBURÐUR GJALDA VIÐ ÁÆTLUN .....	24
3.6 FLUTNINGUR FJÁRHEIMILDA MILLI ÁRA .....	25
<b>4 ÚTGJÖLD ALMANNATRYGGINGA</b> .....	<b>27</b>
4.1 SAMANBURÐUR VIÐ FYRRA ÁR .....	27
4.2 AFKOMUHORFUR ALMANNATRYGGINGA TIL ÁRSLOKA 2001 .....	30
<b>5 LÁNSFJÁRMÁL RÍKISSJÓÐS</b> .....	<b>31</b>
5.1 SJÓÐSTREYMI RÍKISSJÓÐS.....	31
5.2 LÁNTÖKUR, ENDURLÁN OG RÍKISÁBYRGÐIR.....	32
<b>6 AFKOMUHORFUR RÍKISSJÓÐS</b> .....	<b>33</b>

## Töflur

Tafla 1	Tekjur og gjöld ríkissjóðs skv. fjárlögum og ríkisreikningi .....	9
Tafla 2	Tekjur ríkissjóðs skv. ríkisreikningi 2000 og fjárlögum 2001 .....	10
Tafla 3	Gjöld ríkissjóðs skv. ríkisreikningi 2000 og fjárlögum 2001 .....	10
Tafla 4	Tekjur og gjöld ríkissjóðs skv. fjárlögum og frumvarpi til fjárukalaga .....	11
Tafla 5	Tekjur og gjöld ríkissjóðs janúar til september .....	13
Tafla 6	Tekjur ríkissjóðs janúar til september .....	14
Tafla 7	Skattar á tekur og hagnað janúar til september .....	15
Tafla 8	Virðisaukaskattur janúar til september .....	16
Tafla 9	Vörugjöld janúar til september .....	17
Tafla 10	Bifreiðagjöld og þungaskattur janúar til september .....	17
Tafla 11	Tekjur ríkissjóðs janúar til september .....	18
Tafla 12	Vörugjöld janúar til september .....	20
Tafla 13	Bifreiðagjöld og þungaskattur janúar til september .....	21
Tafla 14	Gjöld ríkissjóðs janúar til september .....	22
Tafla 15	Rekstrargjöld janúar til september .....	23
Tafla 16	Rekstrar- og neyslutilfærslur janúar til september .....	23
Tafla 17	Gjöld ríkissjóðs janúar til september .....	25
Tafla 18	Almannatryggingar janúar - september .....	27
Tafla 19	Lífeyristryggingar janúar - september .....	27
Tafla 20	Félagsleg aðstoð janúar - september .....	28
Tafla 21	Sjúkratryggingar janúar - september .....	29
Tafla 22	Slysatryggingar janúar - september .....	29
Tafla 23	Breyting á útgjöld almannatrygginga frá fjárlögum .....	30
Tafla 24	Sjóðstreymi ríkissjóðs .....	31
Tafla 25	Lántökur og endurlán ríkissjóðs .....	32
Tafla 26	Breytingar á afkomu ríkissjóðs á árinu 2001 .....	33

# Samantekt

Í fjárlögum fyrir árið 2001 var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs á árinu yrðu 253 ma.kr. og gjöld 219 ma.kr., en samkvæmt því yrði afgangur á rekstri ríkissjóðs tæpir 34 ma.kr.

Tekjur ríkissjóðs á fyrstu níu mánuðum ársins námu samtals 158,2 ma.kr. Gjöld ríkissjóðs á sama tímabili voru 165,1 ma.kr. Afkoma ríkissjóðs var því neikvæð um 6,9 ma.kr. í lok september 2001, en afkoman var jákvæð um 4,9 ma.kr. á sama tíma árið 2000.

Frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2001, sem lagt var fram í október sl., felur í sér smávægilega lækkun tekna, en hins vegar hækkun gjalda um 13,4 ma.kr., aðallega vegna aukins launakostnaðar, kostnaðar við lífeyristryggingar og aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur. Hækkun launa og lífeyrisskuldbindinga einar sér skýra um 6,2 ma.kr. Miðað við frumvarpið lækkar jákvæð afkoma ríkissjóðs niður í 20,4 ma.kr. Við aðra umræðu fjárukalagafrumvarps á Alþingi hækkuðu útgjöld þeirra um tæpan 1 ma.kr. og jákvæð afkoma lækkaði að sama skapi.

Að mati Ríkisendurskoðunar er óvissa um tekjur helst vegna áætlaðs söluhagnaðar af eignum, sem í endurskoðaðri áætlun eru taldar verða 21,5 ma.kr. Ef áform stjórnvalda um sölu Landssíma Íslands hf. og fjármálastofnana ná ekki fram að ganga fyrir árslok mun afkoma ríkissjóðs versna er nemur þeirri fjárhæð. Að því er varðar gjöld er útlit fyrir allt að 27 ma.kr. hækkun lífeyrisskuldbindinga á árinu, en af þeirri fjárhæð eru um 9 ma.kr. gjaldfærðir og 18 ma.kr. færðir um endurmatsreikning. Lífeyrisskuldir ríkissjóðs munu hækka um 12 ma.kr. á árinu eftir að tillit er tekið til 12,5 ma.kr. afborgana. Áætlað er að heildarlífeyrisskuldir nemi þannig rúmlega 175 ma.kr. í árslok 2001. Loks telur stofnunin að útgjöld vegna almannatryggingakerfisins, afskrifta skattkrafna og vaxtagreiðslna gætu orðið um 1 ma.kr. hærrí en fyrirbyggjandi áætlanir gera ráð fyrir. Samkvæmt þessu verður jákvæð afkoma ríkissjóðs um 18 ma.kr. í árslok 2001, en tekjuhalli gæti orðið um 3 ma.kr. ef ekki tekst að ljúka sölu ríkisfyrirtækja fyrir áramót.

Fjárheimildir stofnana eru almennt hækkaðar eða lækkaðar eftir því hvort útgjöld árið á undan voru undir eða yfir fjárheimild á því ári. Tilgangur með flutningi fjárheimilda er að auka sveigjanleika stofnana til ráðstöfunar fjármuna. Að mati Ríkisendurskoðunar þurfa að gilda ákveðnar reglur um hversu stóran hluta fjárheimilda má flytja milli ára og hversu lengi. Þess eru mörg dæmi að stofnanir búi við skertar fjárveitingar sem nema tugum milljóna króna vegna halla fyrri ára og sem þær hafa velt frá einu ári til þess næsta. Á 30 fjárlagaliðum nemur skerðing fjárheimilda vegna halla fyrri ára þannig 20% eða meiru af fjárheimild ársins. Í þeim hópi eru til að mynda fimm skólar og tvö sýslumannsembætti. Engin áform viðast liggja fyrir um hvort og þá hvernig þessar stofnanir eigi að draga saman þjónustu til að rekstur þeirra falli að fjárheimildum. Mjög brýnt er að tekið verði á þessum málum og að framvegis verði fjárheimildir ekki skertar vegna halla fyrri ára nema raunhæft sé að stofnanir geti ráðið við slíka skerðingu.

Í fjárlögum fyrir árið 2001 er gert ráð fyrir að verja allt að 36,2 ma.kr. til almannatrygginga sem er um 1,0 ma.kr. eða 2,8%. lægri fjárhæð en á árinu 2000. Að teknu tilliti til óreglulegra viðbótarútgjalda á árinu 2000 og þess að tiltekin útgjöld eru færð á önnur viðfangsefni á árinu 2001 en var gert á árinu 2000 er áætlað í fjárlögum að útgjöld vegna almannatrygginga hækki um 4,5% á milli ára. Útgjöld fyrstu níu mánuði þessa árs og áætlun um afkomu það sem eftir er ársins benda til þess að útgjöld almannatrygginga gætu að óbreyttu orðið um 2,5 ma.kr. hærrí en fjárlög gera ráð fyrir. Hækkunin er um 11% á milli ára þegar búið er að taka tillit til þeirra viðbótarútgjalda sem féllu til á árinu 2000. Meginskýring á auknum kostnaði liggur í fjölgun bótaþega, raunhækkun einstakra bótaflokka, hækkun verðlags umfram áætlun og nýjum kjarasamningum.

# 1 Inngangur

Eitt af hlutverkum Ríkisendurskoðunar er að annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Í árlegri skýrslu stofnunarinnar um endurskoðun ríkisreiknings er gerð grein fyrir framkvæmd fjárlaga á viðkomandi ári. Þá hefur stofnunin á undanförunum árum gefið út eina eða fleiri skýrslur um framkvæmd fjárlaga innan ársins þar sem tekjur og útgjöld ríkissjóðs hafa verið borin saman við fjárheimildir og sama tímabil fyrra árs. Á grundvelli þessara upplýsinga hefur verið lagt mat á afkomuhorfur ríkissjóðs út árið. Í þessari skýrslu um framkvæmd fjárlaga er gerð grein fyrir fjárhagsstöðu ríkissjóðs í lok september 2001 og leitast við að meta afkomuhorfur til ársloka.

Framsetning fjárlaga á svokölluðum rekstrargrunni var tekin upp frá og með árinu 1998, þ.e. tekið er tillit til áfallinna, ógreiddra tekna- og gjaldaliða, en áður byggðist framsetningin á greiðsluhreyfingum. Tilgangur breyttrar framsetningar á fjárlögum var að tryggja að í fjárlögum ársins væru tilgreindar allar fjárskuldbindingar sem stofnað væri til á árinu og að gera fjárlög samanburðarhæf við ríkisreikning. Í skýrslu stofnunarinnar um framkvæmd fjárlaga janúar til maí 2000 sem gefin var út í fyrra var þessi breyting gerð að umtalsefni og bent á ákveðna erfiðleika sem hún orsakar við fjárlagaeftirlit. Þar sem rekstraruppgjör fyrir ríkissjóð er ekki gert innan fjárlagaársins verður samanburður við fjárlög að byggja á greiðsluuppgjöri og er hann þar af leiðandi ekki fyllilega marktækur. Þá hefur dreifing áætlana og fjárheimilda innan ársins skapað ákveðin vandamál. Nefna má sem dæmi að á árinu 2000 voru fjárheimildir stofnana ekki hækkaðar vegna launabóta fyrr en í byrjun október enda þótt útgjöld hefðu fallið til fyrr á árinu. Þannig er útkoma fyrstu níu mánuði ársins ekki sambærileg við fjárheimildir vegna sama tímabils. Af þessari ástæðu er ekki hægt að leggja mikið upp úr samanburði á fjárheimildum og útkomu tekna- og gjaldaliða.

Fjármálaráðuneytið gaf í febrúar á þessu ári út reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta.<sup>1</sup> Markmið hennar var að stuðla að skilvirkum rekstri ráðuneyta og

---

<sup>1</sup> Reglugerð nr. 116/2001 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta.

stofnana þannig að hann verði innan heimilda fjárlaga og að stjórnendur beri ábyrgð á fjárreiðum í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Reglugerðin kom í stað verklagsreglna sem giltu fyrir árið 2000, en reglugerðin er að mestu samhljóða þeim. Setning þessarar reglugerðar markar ákveðin þáttaskil þar sem með henni er í fyrsta skipti mælt með nákvæmum hætti fyrir um hlutverk og ábyrgð stofnana og ráðuneyta við að framfylgja ákvæðum fjárlaga.

Í þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir er fyrst gerð stutt grein fyrir fjárlögum ársins 2001. Því næst er fjallað um tekjur og gjöld ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins bæði í samanburði við fyrra ár og áætlanir, en síðan vikið að lánsfjármálum ríkissjóðs. Þá er umfjöllun um reglugerð sem sett var á þessu ári um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta. Loks er lagt mat á afkomuhorfur ríkissjóðs út þetta ár.

Vakin er athygli á að frumvarp til lokafjárlaga vegna 2000 hefur ekki ennþá verið lagt fram á Alþingi. Þá er frumvarp til fjáráukalaga vegna ársins 2001 óafgreitt í þinginu.



## 2 Fjárlög árið 2001

Í fjárlögum vegna ársins 2001 var áætlað að tekjur ríkissjóðs umfram gjöld yrðu tæpir 33,9 ma.kr., en það svarar til 13,4% af tekjum. Til samanburðar gerðu fjárlög fyrir árið 2000 ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs yrði jákvæð um 16,7 ma.kr. eða 8,0% af tekjum. Útkoma ársins 2000 var hins vegar mun lakari og nam halli á ríkissjóði í lok árs tæpum 4,3 ma.kr., sem er 1,9% af tekjum ársins.

Tekjur ríkissjóðs voru í fjárlögum 2001 áætlaðar 253,1 ma.kr. á árinu og að þær hækkuðu þannig um 28,3 ma.kr. eða 12,6% frá útkomu ársins 2000. Hins vegar gerðu fjárlögin ráð fyrir að gjöld ríkissjóðs lækkuðu um 9,8 ma.kr. eða 4,3% frá árinu áður. Tekjur á árinu 2000 urðu talsvert meiri er áætlað hafði verið í fjárlögum ársins m.a. vegna meiri aukningar í þjóðarútgjöldum en reiknað var með. Í forsendum fjárlagafrumvarps vegna 2001 var gert ráð fyrir áframhaldandi en þó hægari vexti þjóðarútgjalda. Auk þess var í fjárlögum áætlað fyrir tekjum vegna meiri einkavæðingar fyrirtækja í eigu ríkisins. Gjaldahlið fjárlaga 2001 fól hins vegar í sér talsverða lækkun miðað við útkomu ársins 2000, en útgjöld þess árs hækkuðu mjög umtalsvert frá fjárlögum ársins einkum vegna áhrifa kjarasamninga og auknum útgjöldum til almannatrygginga. Hækkun gjalda í fjárlögum 2001 var þannig 13,5% miðað við fjárlög fyrra árs, en lækkuðu aftur á móti um 4,3% frá útkomu ársins á undan.

**Tafla 1 Tekjur og gjöld ríkissjóðs skv. fjárlögum og ríkisreikningi**

Í m.kr.	Fjárlög 2000	Ríkisreikn. 2000	Fjárlög 2001
Tekjur	209.900	224.715	253.063
Gjöld	193.159	229.001	219.164
Afkoma	16.741	(4.286)	33.899

Töflur 2 og 3 sýna nánari skiptingu tekna og gjalda skv. fjárlögum 2001 og samanburð þeirra við útkomu ríkisreiknings fyrir árið 2000.

**Tafla 2 Tekjur ríkissjóðs skv. ríkisreikningi 2000 og fjárlögum 2001**

Í m.kr.	Ríkisreikn. 2000	Fjárlög 2001	Breyting	%
Skattar á tekjur og hagnað	59.595	60.950	1.355	2,3
Tryggingagjöld	19.680	20.204	524	2,7
Eignarskattar	9.872	10.686	814	8,2
Virðisaukaskattur	71.903	82.220	10.317	14,3
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	39.063	40.244	1.181	3,0
Aðrir skattar	538	2.822	2.284	424,6
Samtals skatttekjur	200.651	217.126	16.474	8,2
Arðgreiðslur	2.477	1.978	(499)	(20,2)
Vextir og aðrar eignatekjur	10.698	12.445	1.747	16,3
Aðrar rekstrartekjur	5.855	5.189	(666)	(11,4)
Samtals rekstrartekjur	19.030	19.612	582	3,1
Sala eigna	635	15.516	14.881	2344,3
Fjárframlög	1.231	809	(422)	(34,3)
Endurmat á viðri ríkisfyrirtækja	3.167		(3.167)	(100,0)
Tekjur alls	224.715	253.063	28.348	12,6

**Tafla 3 Gjöld ríkissjóðs skv. ríkisreikningi 2000 og fjárlögum 2001**

Í m.kr.	Ríkisreikn. n. 2000	Fjárlög 2001	Breyting	%
Æðsta stjórn ríkisins	2.149	2.058	(92)	(4,3)
Forsætisráðuneyti	1.459	1.058	(401)	(27,5)
Menntamálaráðuneyti	22.459	23.850	1.390	6,2
Utanríkisráðuneyti	4.807	4.084	(723)	(15,0)
Landbúnaðarráðuneyti	9.502	10.526	1.023	10,8
Sjávarútvegsráðuneyti	2.508	2.581	73	2,9
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	11.574	11.944	370	3,2
Félagsmálaráðuneyti	11.266	15.965	4.698	41,7
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	78.479	79.873	1.394	1,8
Fjármálaráðuneyti	48.981	28.193	(20.788)	(42,4)
Samgönguráðuneyti	13.315	15.300	1.985	14,9
Iðnaðarráðuneyti	2.631	2.751	120	4,6
Viðskiptaráðuneyti	1.404	1.338	(66)	(4,7)
Hagstofa Íslands	378	370	(9)	(2,3)
Umhverfisráðuneyti	2.842	3.074	232	8,2
Fjármagnskostnaður	15.245	16.200	955	6,3
Gjöld alls	229.001	219.164	(9.838)	(4,3)

Frumvarp til fjáráukalaga vegna ársins 2001 var lagt fram í byrjun október. Í því er að finna endurskoðaða tekjuspá og tillögur um breytingar á fjárheimildum vegna ýmissa fjárlagaliða vegna nýrrar lagasetningar, ófyrirséðra útgjalda og ákvarðana ríkisstjórnar um ný útgjöld. Í frumvarpingu kemur fram að áætlað sé að skatttekjur dragist saman um 5 ma.kr., en tekjur af sölu eigna verði 6 ma.kr. hærrí en fram kom í fjárlögum. Í heild er búist við smávægilegri lækkun tekna.

Gjöld hækka um 13,4 ma.kr. mest vegna aukins launakostnaðar, kostnaðar við lífeyristryggingar og meiri neyslu- og rekstrartilfærslur. Kjarasamningar skýra þannig 3,2 ma.kr. og hækkun lífeyrisskuldbindinga um 3 ma.kr. Nánari greinargerð um þessar breytingar er að finna í athugasemdum við fjáráukalagafrumvarpið.

**Tafla 4 Tekjur og gjöld ríkissjóðs skv. fjárlögum og frumvarpi til fjáráukalaga**

Í m.kr.	Fjárlög 2001	Frumvarp til fjáráukalaga 2001	Samtals
Tekjur	253.063	(115)	252.948
Gjöld	219.164	13.393	232.557
Afkoma	33.899	(13.507)	20.392

Breytingar tekna og gjalda skv. frumvarpinu þýða að afkoma ríkissjóðs á árinu 2001 versnar um 13,5 ma.kr. frá fjárlögum og er talin verða jákvæð um 20,4 ma.kr.



## 3 Tekjur og gjöld ríkissjóðs

### 3.1 Afkoma ríkissjóðs

Tekjur ríkissjóðs á fyrstu níu mánuðum ársins námu samtals 158,2 ma.kr. Gjöld ríkissjóðs á sama tímabili á árinu 2000 voru 165,1 ma.kr. Afkoma ríkissjóðs var því neikvæð um 6,9 ma.kr. í lok september 2001, en afkoman var jákvæð um 4,9 ma.kr. á sama tíma árið 2000.

**Tafla 5 Tekjur og gjöld ríkissjóðs janúar til september**

Í m.kr.	Útkoma 2000	Útkoma 2001	Breyting	%
Tekjur	148,4	158,2	9,8	6,6
Gjöld	143,6	165,1	21,5	15,0
Afkoma	4,8	(6,9)	(11,7)	(243,8)

### 3.2 Samanburður tekna við fyrra ár

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu níu mánuðum ársins 2001 voru 148,4 ma.kr. og jukust um 9,8 ma.kr. eða 6,6% miðað við sama tímabil á árinu 2000. Aukningin skýrist aðallega af 5,0 ma.kr. hærri tekjuskatti einstaklinga, 1,9 ma.kr. hærri tekjuskatti lögaðila, og 1,3 ma.kr. hærri fjármagnstekjuskatti. Á móti vegur að vörugjöld eru 1,9 ma. kr. lægri nú en á sama tímabili í fyrra.

**Tafla 6 Tekjur ríkissjóðs janúar til september**

Í m. kr.	Útkoma 2001	Útkoma 2000	Breyting	%	Áætlun jan-sept
Tekjuskattur einstaklinga	34.315	29.327	4.988	17,0	30.623
Tekjuskattur lögaðila	7.294	5.347	1.947	36,4	5.777
Skattur á fjármagnstekjur	5.430	4.104	1.326	32,3	4.438
Gjald í framkv.sj. aldraðra	583	507	76	15,0	630
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>47.622</b>	<b>39.285</b>	<b>8.337</b>	<b>21,2</b>	<b>41.468</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>15.628</b>	<b>14.120</b>	<b>1.508</b>	<b>10,7</b>	<b>13.807</b>
Eignarskattar	4.120	3.566	554	15,5	3.925
Stimpilgjöld	2.278	2.223	55	2,5	2.408
Aðrir eignarskattar	1.101	1.036	65	6,3	1.050
<b>Eignarskattar</b>	<b>7.499</b>	<b>6.825</b>	<b>674</b>	<b>9,9</b>	<b>7.383</b>
Virðisaukaskattur	48.105	48.533	(428)	(0,9)	51.881
Vörugjöld	11.261	13.162	(1.901)	(14,4)	14.117
ÁTVR, áfengisgjald ofl.	6.310	6.430	(120)	(1,9)	6.829
Bifreiðagjöld, þungaskattur	6.234	5.875	359	6,1	5.830
Tollar og aðfl.gjöld	2.200	1.845	355	19,2	1.811
Aðrir skattar	1.913	1.713	200	11,7	1.670
<b>Skattar á vörur og þjón.</b>	<b>76.023</b>	<b>77.558</b>	<b>(1.535)</b>	<b>(2,0)</b>	<b>82.138</b>
<b>Samtals skatttekjur</b>	<b>146.772</b>	<b>137.788</b>	<b>8.984</b>	<b>6,5</b>	<b>144.796</b>
Arðgreiðslur	1.802	2.136	(334)	(15,6)	1.477
Vaxtatekjur af skatttekjum	1.824	1.407	417	29,6	1.593
Vaxtatekjur af lánum	3.697	3.162	535	16,9	3.857
Sért. leyfistj. í A- og B-hluta	2.423	2.357	66	2,8	3.073
Aðrar rekstrartekjur	1.094	802	292	36,4	958
<b>Samtals rekstrartekjur</b>	<b>10.840</b>	<b>9.864</b>	<b>976</b>	<b>9,9</b>	<b>10.958</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>277</b>	<b>536</b>	<b>(259)</b>	<b>(48,3)</b>	<b>8</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>329</b>	<b>253</b>	<b>76</b>	<b>30,0</b>	<b>566</b>
<b>Tekjur alls</b>	<b>158.218</b>	<b>148.441</b>	<b>9.777</b>	<b>6,6</b>	<b>156.328</b>

## Skattar á tekjur og hagnað

Innheimta tekjuskatta jókst um 8,3 ma. kr. fyrstu níu mánuði ársins 2001 miðað við sama tímabil árið 2000. Rúman helming þeirrar hækkunar má rekja til tekjuskatts einstaklinga.

**Tafla 7 Skattar á tekur og hagnað janúar til september**

Í m. kr.	Útkoma 2001	Útkoma 2000	Breyting	%
Innheimt staðgreiðsla	72.189	61.718	10.471	17,0
Hluti sveitarfélaga í staðgreiðslu	(37.768)	(32.006)	(5.762)	18,0
	<b>34.421</b>	<b>29.712</b>	<b>4.709</b>	<b>15,8</b>
Sérstakur tekjuskattur	571	514	57	11,1
Aðrir tekjuskattar, nettó	(677)	(899)	222	(24,7)
	<b>(106)</b>	<b>(385)</b>	<b>279</b>	<b>(72,5)</b>
<b>Samtals tekjuskattur</b>	<b>34.315</b>	<b>29.327</b>	<b>4.988</b>	<b>17,0</b>

Nokkrar breytingar urðu á skatthlutfalli 1. janúar 2001. Tekjuskattshlutfallið lækkaði úr 26,41% í 26,08% en meðalútsvarshlutfall hækkaði úr 11,96% í 12,68%. Skatthlutfall í staðgreiðslu hækkaði því úr 38,37% í 38,76%. Persónuafsláttur á mánuði hækkaði einnig 1. janúar 2001 og nemur 25.245 á mánuði sem er 3% hækkun frá fyrra ári

Upplýsingar út staðgreiðslukerfi Ríkisskattstjóra gefa til kynna að launagreiðslur hafi hækkað um 11,0% á tímabilinu desember 2000 til ágúst 2001. Innheimt staðgreiðsla jókst hins vegar um 15,0% á sama tímabili. Þar sem persónuafsláttur fylgir ekki launaþróun aukast tekjur ríkissjóðs hlutfallslega meira en nemur launaþróun á hverjum tíma.

Tekjur af fjármagnstekjuskatti námu 5,4 ma.kr. fyrstu níu mánuðum ársins 2001 sem er 1,3 ma.kr. meira en á sama tímabili í fyrra og nemur frávikið 32,3%. Rúman helming aukningarinnar eða 780 m.kr. má rekja til fjármagnstekjuskatts af vöxtum.

Tekjuskattur lögaðila jókst um 1,9 ma.kr. á milli ára sem er 36,4% aukning frá fyrra ári. Af þessari fjárhæð eru 735 m.kr. vegna aukins hagnaðar Íslenska álversins hf.

## Eignaskattar

Innheimta eignarskatta fyrstu níu mánuði ársins 2001 nam 7,5 ma.kr. sem er 9,9% aukning miðað við sama tímabil ársins 2000. Aukninguna má fyrst og fremst rekja til eignarskatta einstaklinga en þeir aukast um tæpar 370 m.kr. eða um 18,7%. Þess hækkun má að mestu leyti rekja til hækkunar fasteignamats. Álagðir eignarskattar einstaklinga á árinu 2001 hækkuðu um 22,5%

## Virðisaukaskattur

Innheimta virðisaukaskatts nam 48,1 ma.kr. sem er nánast sama fjárhæð og innheimtist á fyrstu níu mánuðum ársins 2000. Annars vegar hafa tekjur af innflutningi aukist um tæpa 2,4 ma.kr. eða 7,0% en hins vegar hafa tekjur af veltu innanlands dregist saman um 2,2 ma.kr. eða 12,6%

**Tafla 8 Virðisaukaskattur janúar til september**

Í m. kr.	Útkoma 2001	Útkoma 2000	Breyting	%
Virðisaukaskattur af innflutningi	36.695	34.296	2.399	7,0
Virðisaukaskattur af veltu innanlands	15.297	17.505	(2.208)	(12,6)
	<b>51.992</b>	<b>51.801</b>	<b>191</b>	<b>0,4</b>
Endurgreiðslur	(3.887)	(3.268)	(619)	18,9
<b>Virðisaukaskattur, samtals</b>	<b>48.105</b>	<b>48.533</b>	<b>(428)</b>	<b>(0,9)</b>

Samdráttur í innheimtu virðisaukaskatts af veltu innanland endurspeglar að hluta þann samdrátt sem orðið hefur í einkaneyslu en reiknað er með að hún dragist saman um 1-2% á árinu 2001. Að raungildi hefur innheimta virðisaukaskatts dregist saman um 6%

## Vörugjöld

Innheimta vörugjalda fyrstu níu mánuði ársins námu 11,3 ma.kr. sem er 1,9 ma.kr. lægri fjárhæð en á sama tímabil í fyrra og nemur frávikið 14,4%. Þessa lækkun má alfarið rekja til vörugjalda af ökutækjum.



**Tafla 9 Vörugjöld janúar til september**

Í m.kr.	Útkoma 2001	Útkoma 2000	Breyting	%
Almennt vörugjald og álgj.	2.035	2.045	(10)	(0,5)
Vörugjald af ökutækjum	2.347	4.068	(1.721)	(42,3)
Vörugjald af bensíni	5.673	5.876	(203)	(3,5)
Önnur vörugjöld	1.206	1.172	34	2,9
	<b>11.261</b>	<b>13.161</b>	<b>(1.900)</b>	<b>(14,4)</b>

Eins og fram kemur í kaflanum hér að framan um samanburð við áætlun, þá má rekja þetta til þessa að um 46% færri bifreiðar hafa verið fluttir inn það sem af er árinu miðað við fyrra ár. Verðmæti bifreiðainnflutnings hefur dregist minna saman eða um 36%.

### Bifreiðagjöld og þungaskattur

Innheimta bifreiðagjalda og þungaskatts jókst um 6,1% fyrstu níu mánuði ársins 2001 miðað við sama tímabil í fyrra. Hækkunin kemur fyrst og fremst fram í þungaskatti skv. ökumælum en tekjur af honum jukust um 316 m.kr. á milli ára.

**Tafla 10 Bifreiðagjöld og þungaskattur janúar til september**

Í m.kr.	Útkoma 2001	Útkoma 2000	Breyting	%
Bifreiðagjald	2.465	2.384	81	3,4
Þungaskattur af díselbifreiðum	1.687	1.371	316	23,0
Þungaskattur, fast árgjald	2.083	2.120	(37)	(1,7)
	<b>6.235</b>	<b>5.875</b>	<b>360</b>	<b>6,1</b>

### Rekstrartekjur

Innheimta rekstrartekna fyrstu níu mánuði ársins 2001 nam 10,8 ma.kr. sem er tæplega 1,0 ma.kr. aukning frá sama tímabili í fyrra. Stærstan hluta þessarar aukningar má rekja til innheimtu vaxtatekna af skatttekjum og vaxtatekna af veittum lánum o.fl. en samtals jókst innheimta þessara liða um 950 m.kr. á milli ára. Meðal vaxtatekna af veittum lánum o.fl. eru vaxtatekjur af bankainnstæðum en þær hafa aukist um 304 m.kr. á milli ára. Um er að ræða vaxtatekjur af innstæðu ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands

### 3.3 Samanburður tekna við áætlun

Tekjur ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins 2001 námu samtals 158,2 ma.kr. sem er 1,9 ma.kr. meira en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir og nemur frávikið 1,2%. Þrátt fyrir þetta litla frávik í heildartekjum eru veruleg frávik á einstökum tekjuliðum. Skattar á tekjur og hagnað eru tæpum 6,2 ma.kr. eða 14,8% hærri en áætlað og má rekja um helming þessarar aukningar til tekjuskatts einstaklinga. Á móti vegur að innheimta virðisaukaskatts er 3,7 ma.kr. undir áætlun og innheimta vörugjalda 2,9 ma.kr. undir áætlun.

**Tafla 11 Tekjur ríkissjóðs janúar til september**

Í m. kr.	Útkoma	Áætlun	Frávik	%	Fjárlög 2001
Tekjuskattur einstaklinga	34.315	30.623	3.692	12,1	45.100
Tekjuskattur lögaðila	7.294	5.777	1.517	26,3	8.943
Skattur á fjármagnstekjur	5.430	4.438	992	22,4	5.540
Gjald í framkv.sj. aldraðra	583	630	(47)	(7,5)	675
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>47.622</b>	<b>41.468</b>	<b>6.154</b>	<b>14,8</b>	<b>60.258</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>15.628</b>	<b>13.807</b>	<b>1.821</b>	<b>13,2</b>	<b>19.741</b>
Eignarskattar	4.120	3.925	195	5,0	5.660
Stimpilgjöld	2.278	2.408	(130)	(5,4)	3.290
Aðrir eignarskattar	1.101	1.050	51	4,9	1.506
<b>Eignarskattar</b>	<b>7.499</b>	<b>7.383</b>	<b>116</b>	<b>1,6</b>	<b>10.456</b>
Virðisaukaskattur	48.105	51.881	(3.776)	(7,3)	74.010
Vörugjöld	11.261	14.117	(2.856)	(20,2)	18.754
ATVR, áfengisgjald ofl.	6.310	6.829	(519)	(7,6)	9.231
Bifreiðagjöld, þungaskattur	6.234	5.830	404	6,9	6.992
Tollar og aðfl.gjöld	2.200	1.811	389	21,5	2.547
Aðrir skattar	1.913	1.670	243	14,6	2.488
<b>Skattar á vörur og þjónustu</b>	<b>76.023</b>	<b>82.138</b>	<b>(6.115)</b>	<b>(7,4)</b>	<b>114.022</b>
<b>Samtals skatttekjur</b>	<b>146.772</b>	<b>144.796</b>	<b>1.976</b>	<b>1,4</b>	<b>204.477</b>
Arðgreiðslur	1.802	1.477	325	22,0	1.898
Vaxtatekjur af skatttekjum	1.824	1.593	231	14,5	2.237
Vaxtatekjur af lánum	3.697	3.857	(160)	(4,1)	5.357
Sért. leyfistj. í A- og B-hluta	2.423	3.073	(650)	(21,2)	4.086
Aðrar rekstrartekjur	1.094	958	136	14,2	1.362
<b>Samtals rekstrartekjur</b>	<b>10.840</b>	<b>10.958</b>	<b>(118)</b>	<b>(1,1)</b>	<b>14.940</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>277</b>	<b>8</b>	<b>269</b>	<b>---</b>	<b>15.516</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>329</b>	<b>566</b>	<b>(237)</b>	<b>(41,9)</b>	<b>802</b>
<b>Tekjur alls</b>	<b>158.218</b>	<b>156.328</b>	<b>1.890</b>	<b>1,2</b>	<b>235.735</b>

## Skattar á tekjur og hagnað

Tekjuskattur einstaklinga varð 3,7 ma.kr. hærrí en áætlað var og nemur frávikíð 12,13%. Í fjárlögum ársins 2001 var miðað við að laun hækkuðu um 3% í ársbyrjun og á launa- og verðlagslið var gert ráð fyrir fjárveitingu sem átti að nægja til að hækka laun um 1% til viðbótar. Sá fyrirvari var gerður við þessa áætlun að ekki hafði verið lokið við gerð kjarasamninga við flest stéttarfélag ríkisstarfsmanna. Þá var í forsendum gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna myndi aukast um 6,3% á árinu 2001.

Í nýútkominni þjóðhagsspa fyrir árið 2002 kemur fram að gert er ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á árinu 2001 verði nánast hinn sami og gert var ráð fyrir í fjárlögum eða 6,5%. Hins vegar er nú gert ráð fyrir að launabreytingar á milli ára verði um 8,8%. Upplýsingar úr staðgreiðsluskra ríkisskattstjóra benda til þess að laun hafi hækkað um 11,0% frá desember 2000 til ágúst 2001 og að innheimt staðgreiðsla hafi hækkað um 14,8%.

Innheimta fjármagnstekjuskatts er tæpum milljarði hærrí en gert var ráð fyrir í áætlunum. Í forsendum frumvarps til fjárlaga var reiknað með að innheimtan yrði lakari vegna lækkandi hlutabréfaverðs og heldur lakari horfa á fjármagnsmarkaði. Í fjárlögum var hins vegar gert ráð fyrir aukinni sölu eigna um 8,2 ma.kr. frá því sem upphaflega var áætlað í frumvarpi og var áætlaður fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóði var ætlað að greiða, hækkaður til samræmis um 820 m.kr.

Tekjuskattur lögaðila er talsvert umfram áætlanir. Í frumvarpi var gert ráð fyrir að innheimta tekjuskatts næmi 11,2 ma.kr. en í meðförum þingins var þessi fjárhæð lækkuð verulega. Fjárlög gera ráð fyrir að innheimtan verði 8,9 ma.kr. Niðurstöður álagningar nú í október eru að álagður tekjuskattur lögaðilar nemur 10,3 ma.kr. og lækkar um 11,4% frá fyrra ári. Þá lækkar álagður fjármagnstekjuskattur úr 1,1 ma.kr. í 62 m.kr. Á móti vegur hækkun tryggingagjalds um 1,9 ma.kr. eða 11,4% Alls lækka álögð gjöld lögaðila um 400 m.kr. frá fyrra ári eða um 1,3%.

## Virðisaukaskattur

Innheimta virðisaukaskatts fyrstu níu mánuði ársins 2001 varð tæpum 3,8 ma.kr. lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir og nemur frávikíð 7,3%. Í áætlanaþókhaldi ríkisins liggur ekki fyrir skipting áætlunar eftir innflutning og veltu innanlands þannig að ekki er hægt að skoða hvor þátturinn vegur meira í mismuninum. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að einkaneysla, sem ræður mestu um tekjur af virðisaukaskatti,

ykist um 1,7% en nú er gert ráð fyrir að hún dragist saman um 1%. Þá var í forsendum fjárlaga áætlað að innflutningur vöru og þjónustu myndi dragast saman um 1,2% en nú er gert ráð fyrir að hann dragist saman um 3,6%.

## Vörugjöld

Innheimta vörugjalda nam 11,2 ma. kr. fyrstu níu mánuði ársins 2001 sem er 2,9 ma.kr. lægri fjárhæð en áætlanir fjárlaga gerðu ráð fyrir og nemur frávikið 20,2%. Um helming þessa mismunar má rekja til vörugjalda af bifreiðum en þau dragast saman um 1,4 ma.kr. á milli ára.

**Tafla 12 Vörugjöld janúar til september**

Í m.kr.	Útkoma	Áætlun	Frávik	%	Fjárlög 2001
Vörugjöld almenn og álgjald	2.035	2.183	(148)	(6,8)	3.155
Vörugjald af ökutækjum	2.347	3.917	(1.570)	(40,1)	4.990
Vörugjald af bensíni, almennt	1.501	1.779	(278)	(15,6)	2.180
Sérstakt vörugjald af bensíni	4.171	4.604	(433)	(9,4)	6.028
Önnur vörugjöld	1.207	1.634	(427)	(26,1)	2.403
	<b>11.261</b>	<b>14.117</b>	<b>(2.856)</b>	<b>(20,2)</b>	<b>18.756</b>

Forsendur fjárlaga fyrir árið 2001 gerðu ráð fyrir að bensínsala myndi aukast um 1% á milli ára og að gjaldskrá yrði óbreytt. Fyrstu sjö mánuði ársins jókst innflutningur á bensíni um 0,8% að magni til þannig að allt bendir til að áætlun fjárlaga muni standast.

Innheimta vörugjalda af ökutækjum nam 2,3 ma.kr. fyrstu níu mánuði ársins 2001 sem er 1,6 ma.kr. lægri fjárhæð en áætlanir gera ráð fyrir. Þetta frávik má alfarið rekja til verulegs samdráttar í bifreiðainnflutningi en um 46% færri bifreiðar hafa verið fluttir inn það sem af er árinu miðað við fyrra ár. Verðmæti bifreiðainnflutnings hefur dregist minna saman eða um 36%.

## Bifreiðagjald og þungaskattur

Innheimta bifreiðagjalds og þungaskatts til loka september 2001 nam 6,2 ma.kr. sem er 400 m.kr. hærrí fjárhæð en áætlanir gerðu ráð fyrir.

**Tafla 13 Bifreiðagjald og þungaskattur janúar til september**

Í m.kr.	Útkoma	Áætlun	Frávik	%	Fjárlög 2001
Bifreiðagjald	2.465	2.504	(39)	(1,6)	2.650
Þungaskattur af díselbifreiðum	1.687	1.695	(8)	(0,5)	2.212
Þungaskattur, fast árgjald	2.083	1.631	452	27,7	2.129
	<b>6.235</b>	<b>5.830</b>	<b>405</b>	<b>6,9</b>	<b>6.991</b>

Aukning á innheimtu fasts gjalds af þungaskatti endurspeglar þá breytingu sem hefur orðið á innflutningi díselbifreiða á kostnað bensínbifreiða. Nú gera áætlanir ráð fyrir að þetta frávik frá áætlun haldi sér til loka ársins og að innheimta þessara gjalda verði um 7,4 ma.kr.

## ÁTVR, áfengisgjald o.fl.

Innheimta áfengisgjalds ásamt hagnaði ÁTVR nam 6,3 ma.kr. fyrstu níu mánuði ársins og er hún rúmlega hálfum milljarði lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Nemur frávikíð 7,6%

Þrátt fyrir þetta frávik frá áætlun er nú gert ráð fyrir að áfengisgjald skili svipuðum tekjum og fjárlög gera ráð fyrir en að hagnaður ÁTVR aukist heldur og verði 3,2 ma.kr. í árslok

## Sértæk leyfisgjöld í A- og B-hluta

Innheimta þessara gjalda er 650 m.kr. lægri en áætlað var fyrstu átta mánuði ársins. Tekjur þessar er álagðar af stofnunum sjálfum og getur það verið mismunandi milli ára hvenær tekjur falla til innan ársins.

### 3.4 Samanburður gjalda við fyrra ár

Nákvæmar upplýsingar um gjöld ríkissjóðs liggja að jafnaði ekki fyrir innan fjárlagaársins, m.a. þar sem lífeyrisskuldbindingar og ýmsir aðrir gjaldaliðir eru ekki gerið upp fyrr en í árslok. Þá er í mánaðarlegum fjárhagsyfirlitum ríkissjóðs ekki tekið fullt tillit til stofnana með sjálfstæðan fjárhag. Samanburður sem fram kemur hér á eftir gefur engu að síður hugmynd um þróun útgjalda.

**Tafla 14 Gjöld ríkissjóðs janúar til september**

Í m.kr.	Útkoma 2001	Útkoma 2000	Breyting	%
Rekstrargjöld	65.854	59.451	6.403	10,8
Fjármagnskostnaður	15.294	13.873	1.421	10,2
Rekstrar- og neyslutilfærslur	69.693	58.305	11.388	19,5
Viðhald	3.586	3.655	(69)	(1,9)
Fjárfesting	10.694	8.289	2.405	29,0
Gjöld alls	165.121	143.572	21.548	15,0

Gjöld ríkissjóðs fyrstu níu mánuði þessa árs hækkuðu um 21,5 milljarða kr. eða 15,0% miðað við sama tímabili í fyrra. Rekstrar- og neyslutilfærslur hækkuðu um 11,4 milljarða, rekstrargjöld um 6,4 milljarða og fjárfesting um 2,4 milljarða. Aðrir liðir breyttust minna.

Taflan að neðan sýnir skiptingu rekstrargjalda eftir ráðuneytum. Gjöld sem tengjast rekstri stofnana svo sem launagjöld falla hér undir. Rekstrargjöld til málaflokka heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis hækkuðu mest í krónum talið á milli ára, þá rekstrargjöld menntamálaráðuneytis og loks rekstrarliðir sem falla undir fjármálaráðuneyti. Rekstrargjöld ríkissjóðs á tímabilinu janúar til september 2001 hækkuðu samtals um 6,4 ma.kr. miðað við sama tímabil í fyrra, en hlutfallsleg hækkun var 10,8%.

**Tafla 15 Rekstrargjöld janúar til september**

Í m.kr.	Útkoma 2001	Útkoma 2000	Breyting	%
Æðsta stjórn ríkisins	1.532	1.367	165	12,1
Forsætisráðuneyti	497	732	(235)	(32,1)
Menntamálaráðuneyti	10.985	9.819	1.166	11,9
Útanríkisráðuneyti	2.063	2.005	58	2,9
Landbúnaðarráðuneyti	1.681	1.422	259	18,2
Sjávarútvegsráðuneyti	1.412	1.219	193	15,8
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	6.702	6.284	418	6,7
Félagsmálaráðuneyti	3.253	2.472	781	31,6
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	27.908	24.804	3.104	12,5
Fjármálaráðuneyti	5.915	5.013	902	18,0
Samgönguráðuneyti	1.694	1.660	34	2,0
Iðnaðarráðuneyti	698	594	104	17,5
Viðskiptaráðuneyti	260	210	50	23,8
Hagstofa Íslands	193	292	(99)	(33,9)
Umhverfisráðuneyti	1.062	1.556	(494)	(31,7)
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>65.854</b>	<b>59.451</b>	<b>6.406</b>	<b>10,8</b>

Undir rekstrar- og neyslutilfærslur falla framlög til almannatrygginga og ýmis framlög og styrkir til einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaga. Af einstökum fjárlagaliðum hækkuðu mest framlög vegna lífeyris- og sjúkratrygginga enda nema þau um þriðjungi allra rekstrar- og neyslutilfærsla. Framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækkaði einnig umtalsvert auk þess sem greiðslur vegna nýs samnings ríkisins við Bændasamtök Íslands um styrki vegna búvöruframleiðslu fólu í sér aukin útgjöld miðað við fyrra ár. Rekstrar- og neyslutilfærslur fyrstu níu mánuði ársins 2001 voru alls 11,4 ma.kr. eða 19,5% hærri en sömu mánuði í fyrra.

**Tafla 16 Rekstrar- og neyslutilfærslur janúar til september**

Í m.kr.	Útkoma 2001	Útkoma 2000	Breyting	%
Lífeyristryggingar og félagsleg aðstoð	20.661	17.863	2.798	15,7
Sjúkratryggingar	7.930	7.968	(38)	(0,5)
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.346	4.301	1.045	24,3
Barnabætur	3.399	2.805	594	21,2
Vaxtabætur	4.506	4.037	469	11,6
Atvinnuleysistryggingasjóður	1.175	1.160	15	1,3
Framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	4.644	2.798	1.846	66,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.118	1.711	407	23,8
Framlag til sókna og kirkjugarða	1.663	1.486	177	11,9
Ríkisútvarpið	1.339	1.009	330	32,7
Aðrar rekstrar og neyslutilfærslur	16.913	13.168	3.745	28,4
<b>Rekstrar- og neyslutilfærslur alls</b>	<b>69.693</b>	<b>58.305</b>	<b>11.388</b>	<b>19,5</b>

### 3.5 Samanburður gjalda við áætlun

Innan hvers fjárlagaárs eiga sér að jafnaði stað nokkrar breytingar á fjárheimildum. Þannig koma of- eða vannýttar fjárheimildir fyrra árs til skerðingar eða viðbótar fjárheimildum skv. fjárlögum. Þá breytist staða fjárheimilda á einstökum fjárlagaliðum iðulega við það að fjárheimildir eru fluttar milli fjárlagaliða innan ársins. Í október 2001 námu skráðar fjárheimildir í bókhalds- og áætlanagerfi ríkisins þannig tæpum 223,4 ma.kr. sem er 4,2 milljarða kr. hækkun frá fjárheimildum skv. fjárlögum.

	m.kr.
Fjárlög	219.164
Fluttar fjárheimildir frá fyrra ári	4.108
Millifært á árinu	112
Fjárheimildir samtals	<u>223.384</u>

Fjárheimildum vegna hvers fjárlagaliðar er skipt á mánuði innan ársins eftir því sem talið er að gjöld falli til. Slík dreifing fjárheimilda er einkum hugsuð til viðmiðunar og takmarkar þannig ekki svigrúm stofnana til að stofna til útgjalda. Á það skal þó bent að í reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta sem sett var í byrjun þess árs kemur fram að ráðuneytum sé ætlað að bera saman áætlun fjárlaga við útgjöld ekki sjaldnar en annan hvern mánuð og leita skýringa og beita sér fyrir nauðsynlegum aðgerðum til að færa útgjöld að heimildum ef heildarútgjöld stofnunar eru meira en 4% umfram áætlun. Það kann hins vegar að valda nokkrum vandkvæðum í þessu sambandi að breytingar á fjárheimildum eru iðulega ekki gerðar fyrr en eftir á. Dæmi um þetta eru of- eða vannýttar fjárheimildir á árinu 2000 sem ekki voru skráðar í bókhalds- og áætlanagerfi ríkisins fyrr en í ágúst á þessu ári og viðbótarfjárheimildir vegna launabóta sem ekki komu til hækkunar á fjárheimildum stofnana fyrr en í byrjun október.

Eins og fram hefur komið námu heildargjöld ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins 165,1 milljarði kr. Til samanburðar gerði áætlun ráð fyrir að gjöldin yrðu 162,0 milljarðar kr. eða 3,1 milljarði kr. lægri en þau urðu í reynd. Taflan hér að neðan sýnir stöðu rekstrargjalda, fjármagnskostnaðar, rekstrar- og neyslutilfærslna, viðhalds- og fjárfestingarliða gagnvart fjárheimildum fyrstu níu mánuði ársins 2001.



**Tafla 17 Gjöld ríkissjóðs janúar til september**

Í m.kr.	Útkoma 2001	Áætlun 2001	Frávik	%
Rekstrargjöld	65.854	64.010	1.844	2,9
Fjármagnskostnaður	15.294	13.310	1.984	14,9
Rekstrar- og neyslutilfærslur	69.693	66.463	3.230	4,9
Viðhald	3.586	3.548	38	1,1
Fjárfesting	10.694	14.675	(3.981)	(27,1)
Gjöld alls	165.121	162.006	3.115	1,9

### 3.6 Flutningur fjárheimilda milli ára

Frá árinu 1991 hafa fjárheimildir stofnana og fjárlagaliða almennt verið hækkaðar eða lækkaðar eftir því hvort útgjöld árið á undan voru undir eða yfir fjárheimild á því ári. Áður náði slíkt tilfærsla fjárheimilda aðeins til viðhalds- og stofnkostnaðar en ekki til verkefna sem féllu undir rekstur og tilfærslur. Tilgangur með flutningi fjárheimilda er að auka sveigjanleika stofnana til ráðstöfunar fjármuna. Heimilda til yfirfærslu fjárheimilda var leitað í fjáráukalögum.

Reglur um yfirfærslu umframgjalda og ónýttar fjárveitinga er að finna í 37. gr. laga um fjárreiður ríkisins frá árinu 1997 þar sem segir að heimilt sé, með samþykki hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra, að geyma ónýttar fjárveitingar í lok reikningsárs og að draga skuldir frá fyrra ári frá fjárveitingum ársins. Talið var eðlilegt að stofnanir gætu geymt ónýttar fjárheimilda í lok reikningsárs þar sem verkefni geti frestast af ýmsum ástæðum og að með áþekkingu hætti sé lagt til að verði útgjöld umfram heimildir ársins komi það til greiðslu af fjárveitingu næsta fjárlagaárs. Með setningu fjárreiðulaganna þurfti ekki lengur að sækja sérstaklega um heimildir til þessara ráðstafana í fjáráukalögum heldur nægði þessi heimild laganna, en nánar skyldi gerð grein fyrir innstæðum og skuldum sem flytjast milli ára í lokafjárlögum og þar leitað afstöðu Alþingis til meðferðar á mismuni fjárheimilda og niðurstöðu ríkisreiknings. Þannig er ekki litið svo á lengur að Alþingi hækki eða lækki fjárheimildir viðkomandi fjárlagaliða á árinu með lokafjárlögum, heldur geti þingið samþykkt að staða þeirra falli niður í lok ársins í þeim skilningi að hún færist ekki til næsta árs.

Til þess að yfirfærsla eða flutningur fjárheimilda með þessum hætti nái tilgangi sínum og verði til þess að auka sveigjanleika í ráðstöfun fjármuna, þurfa að gilda ákveðnar reglur um hversu stóran hluta fjárheimilda má flytja milli ára og hversu lengi. Mörg dæmi eru um

stofnanir sem búa við skertar fjárveitingar sem nema tugum milljóna króna vegna halla fyrri ára og sem þær hafa velt frá einu ári til þess næsta. Til dæmis námu fjárveitingar til eins menntaskóla 333 m.kr. í fjárlögum vegna 2001, en sú fjárheimild var skert um 122 m.kr. vegna halla fyrri ára. Að teknu tilliti til millifærslu annarra fjárheimilda á árinu nam fjárheimild skólans 261 m.kr. á árinu 2001. Í lok september hafði hins vegar verið stofnað til útgjalda fyrir 318 m.kr. Ekki verður séð að skólinn geti rétt reksturinn af miðað við þá fjárheimild sem honum er ætluð á árinu nema með mjög verulegum samdrætti í þjónustu t.d. aðgerð á borð við að hætta að taka við nýjum nemendum. Þessi skóli er síður en svo einsdæmi um stofnun sem býr við svo skertar fjárheimildir að engin leið er til að veita þá þjónustu sem henni er ætlað. Á 30 fjárlagaliðum nemur skerðing fjárheimilda vegna halla fyrri ára 20% eða meiru af fjárheimild ársins. Í þeim hópi eru til að mynda fimm skólar og tvo sýslumannsembætti. Engin áform viðast liggja fyrir um hvort og þá hvernig þessar stofnanir eigi að draga saman þjónustu til að rekstur þeirra falli innan fjárheimilda.

Að mati Ríkisendurskoðunar er mjög brýnt að tekið verið á þessum málum og að framvegis verði fjárheimildir ekki skertar vegna halla fyrri ára nema raunhæft sé að stofnanir geti ráðið við slíka skerðingu. Setja þyrfti viðmiðunarmörk um hversu háar fjárhæðir megi flytja milli ára. Í öðrum löndum þar sem heimilt er að flytja fjárheimildir milli ára eru sett mjög þröng mörk þar um. Nefna má að í Danmörku er almenna reglan að heimilt sé að fara 2% eða mest 10 millj. danskar krónur fram úr rekstrarfjárheimild (driftsbevilling), en henni er ætlað að standa undir rekstri stofnana vegna launagreiðslna, kaupa á þjónustu og öðrum rekstrarútgjöldum, að því tilskyldu að útgjöld næsta fjárlagaárs verði undir fjárheimild um að minnsta kosti sömu fjárhæð.<sup>2</sup>

---

<sup>2</sup> Fjárlagaferlið: Um útgjaldastýringu ríkisins, Ríkisendurskoðun, apríl 2001, bls. 71.

## 4 Útgjöld almannatrygginga

### 4.1 Samanburður við fyrra ár

Greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga námu 27,4 ma.kr. á fyrstu þrem ársfjórðungum ársins 2001 samanborið við 25,5 ma.kr. á sama tímabili fyrra árs, sem er hækkun um 7,2%. Hækkun neysliverðsvísitölu nam 5,7% á sama tímabili og launavísitala á almennum vinnumarkaði hækkaði um 8,6%.

**Tafla 18 Almennatryggingar janúar - september**

Í m.kr.	2001	2000	Breyt.	%
Lífeyristryggingar	14.726	13.947	779	5,6
Félagsleg aðstoð	4.378	3.958	420	10,6
Sjúkratryggingar	7.870	7.205	665	9,2
Slysatryggingar	379	403	(24)	(6,0)
	27.353	25.513	1.840	7,2

Hækkun útgjalda til septemberloka á þessu ári miðað við árið 2000 reyndist innan verðlagsbreytinga. Hins vegar hækkuðu framlög til örorkulífeyris umtalsvert meira en verðlag eins og fram kemur í töflunni hér á eftir.

Breytingar á einstökum bótaflokkum lífeyristrygginga voru sem hér segir:

**Tafla 19 Lífeyristryggingar janúar - september**

Í m.kr.	2001	2000	Breyt.	%
Lífeyrisgreiðslur	9.255	8.518	737	8,7
Örorkulífeyrir	3955	3304	651	19,7
Örorkustyrkur	103	112	(9)	(8,0)
Barnalífeyrir	893	788	105	13,3
Fæðingarorlof	476	1.191	(715)	(60,0)
Annað	42	34	8	23,5
	14.724	13.947	777	5,6

Hækkun örorkulífeyris umfram verðlagsbreytingar má að stærstum hluta rekja til breytinga á lögum um almanntryggingar sem sett voru í kjölfar svonefnds öryrkjádóms sbr. lög nr. 3/2001. Hækkun lífeyrisgreiðslna er sú sama og hækkun launavísitölu á almennum launamarkaði milli 3ja ársfjórðungs 2000 og 2001. Fæðingarorlof féll niður sem útgjöld hjá lífeyristryggingum í kjölfar nýrra laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000. Greiðslur á árinu 2001 eru vegna eftirstöðva fæðingarorlofs í árslok 2000.

Breyting á einstökum bótaflokkum félagslegrar aðstoðar voru sem hér segir:

**Tafla 20 Félagsleg aðstoð janúar - september**

Í m.kr.	2001	2000	Breyt.	%
Mæðra- og feðralaun	177	162	15	9,3
Umönnunarbætur og styrkir	585	510	75	14,7
Maka-, ekkju-, og ekkilsbætur	64	67	(3)	(4,5)
Endurhæfingarlífeyrir	224	146	78	53,4
Barnalífeyrir v/menntunar	40	40	0	0,0
Heimilisuppbót	1390	1329	61	4,6
Uppbætur	1702	1569	133	8,5
Bílakaupastyrkur	155	135	20	14,8
	4.337	3.958	379	9,6

Í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2001 var lagt til að framlög vegna félagsaðstoðar myndu hækka umfram verðlag milli árana 2001 og 2000 um 2,2%. Þá var lagt til að hækka bensínstyrki sérstaklega og endurhæfingarlífeyrir.

Breytingar á einstökum útgjaldaflokkum sjúkratrygginga voru sem hér segir:

**Tafla 21 Sjúkratryggingar janúar - september**

Í m.kr.	2001	2000	Breyt.	%
Lækniskostnaður	1.775	1.565	210	13,4
Lyf	3361	3176	185	5,8
Hjálpartæki	638	544	94	17,3
Hjúkrun í heimahúsum	61	64	(3)	(4,7)
Þjálfun	546	522	24	4,6
Tannlækningar	702	693	9	1,3
Sjúkraflutn. og ferðir innanl.	90	71	19	26,8
Erlendur sjúkrakostnaður	478	391	87	22,3
Sjúkradagpeningar	152	170	(18)	(10,6)
Annað	67	54	13	24,1
	7.870	7.250	620	8,6

Hækkun útgjalda sjúkratrygginga fyrstu níu mánuði ársins 2001 í samanburði við sama tímabil fyrra árs er nokkurn vegin í samræmi við verðlagsbreytingar. Áætlað er að  $\frac{3}{4}$  hluti sjúkratrygginga tengist launakostnaði. Við mat á hækkun lyfjakostnaðar ber að hafa í huga að á árinu 2000 er áætlað að hlutur sjúkratrygginga í lyfjakostnaði sjúkrahúsa hafi numið 500 - 600 m.kr. en slíkar greiðslur eiga sér ekki stað í ár.

Breytingar á einstökum bótaflokkum slysatrygginga voru sem hér segir:

**Tafla 22 Slysatryggingar janúar - september**

Í m.kr.	2001	2000	Breyt.	%
Læknis- og sjúkrakostnaður	88	92	(4)	(4,3)
Framfærslu	182	182	0	0,0
Framlög til sjómanna	79	100	(21)	(21,0)
Stjórnunarkostnaður	29	28	1	3,6
	378	402	(24)	(6,0)

Í umfjöllun í greinargerð með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2001 um slysatryggingar segir m.a. að áætlað sé að bætur vegna framfærslu lækki um 35 m.kr. og bætur læknis- og sjúkrakostnaðar um 5 m.kr. Á móti hækki framlög til sjómanna. Niðurstaða fyrstu níu mánuði ársins 2001 í samanburði við fyrra ár sýnir að framlög eru svo til óbreytt milli ára að öðru leyti en því að framlög til sjómanna hafa lækkað um 21%.

## 4.2 Afkomuhorfur almannatrygginga til ársloka 2001

Í fjárlögum fyrir árið 2001 er gert ráð fyrir að verja allt að 36,2 ma.kr. til almannatrygginga, sem er 1 ma.kr. lægri en útgjöldin voru á árinu 2000 eða sem nemur 2,8%. Við þennan samanburð ber að hafa í huga að á árinu 2000 voru útgjöld vegna eingreiðslu í tengslum við öryrkjadóminn svokallaðan og þátttöku í lyfjakostnaði sjúkrahúsa en falla ekki til á árinu 2001 hjá sjúkratryggingum. Það sama á við um útgjöld vegna fæðingarorlofs. Að teknu tilliti til framangreinds er hækkun frá reikningsniðurstöðum ársins 2000 til fjárlaga 2001 um 4,5%.

Niðurstaða útgjalda fyrstu níu mánuði þessa árs og áætlun um afkomu það sem eftir er ársins 2001 gefur til kynna að útgjöld almannatrygginga stefni í árslok, án frekari aðgerða, að verða um 2,5 ma.kr. hærri en fjárlög gera ráð fyrir. Greinist sú fjárhæð þannig:

**Tafla 23 Breyting á útgjöld almannatrygginga frá fjárlögum**

Í m.kr.	Áætluð útkoma	Fjárlög 2001	Reikn. 2000	Frávik frá áætlun fjárlög	reikn.
Lífeyrstryggingar	20.300	19.220	20.410	1.080	(110)
Sjúkratryggingar	12.000	10.584	10.869	1.416	1.131
Félagsleg aðstoð	5.900	5.856	5.443	44	457
Slysatryggingar	520	580	549	(60)	(29)
	38.720	36.240	37.271	2.480	1.449

Þegar reikningsskil ársins 2000 hafa verið gerð samanburðarhæf við árið 2001 eins og fram kemur hér að framan nemur hækkun áætlaðra útgjalda almannatrygginga í ár um 11% milli ára. Áætluð hækkun er um helmingi hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins 2001 og skýrist einkum af fjölgun bótaþega, raunhækkun einstakra bótaflokka, hækkun verðlags umfram áætlun og nýjum kjarasamningum.

# 5 Lánsfjármál ríkissjóðs

## 5.1 Sjóðstreymi ríkissjóðs

Í fjárlögum fyrir árið 2001 var gert ráð fyrir að rekstur ríkissjóðs myndi skila 9,2 ma.kr. í handbæru fé. Þá var reiknað með að 18,2 ma.kr. fengjust af sölu hlutabréfa og annarra eignarhluta ríkisins. Loks áttu innheimtar afborganir umfram nýjar lánveitingar að skila tæpum 11,4 ma.kr. en þar munar mest um uppgreiðslu á lánum til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. Ríkissjóður hefði samkvæmt þessu haft til ráðstöfunar 38,7 ma.kr. til þess að greiða niður lán. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að verja þar af 24,2 ma.kr. til greiðslu afborgana umfram nýjar lántökur. Handbært fé ríkissjóðs í árslok 2001 hefði þá vaxið um 14,5 ma.kr.

**Tafla 24 Sjóðstreymi ríkissjóðs**

Í m.kr.	Fjárlög 2001	Útkoma jan-sept 2001	Útkoma jan-sept 2000
Tekjujöfnuður	33.899		
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	(15.890)		
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(8.840)		
Handbært fé frá rekstri	9.169	(6.907)	4.868
Lánveitingar	(4.300)	(4.076)	(4.527)
Innheimtar afborganir	15.650	5.015	5.492
Kaup og sala hlutabréfa og eignarhluta	18.200	(102)	(213)
Viðskiptareikningar, nettó		(2.662)	456
Fjármunahreyfingar	29.550	(1.825)	1.208
Lántökur	27.600	36.669	21.441
Greidd lífeyrisskuldbinding	(15.000)	(10.625)	(4.500)
Aðrar afborganir lána	(36.800)	(22.213)	(28.764)
Fjármögnun	(24.200)	3.831	(11.823)
Breyting á handbæru fé	14.519	(4.901)	(5.747)

Í lok september 2001 var staðan hins vegar sú að handbært fé frá rekstri var neikvætt um 6,9 ma.kr. Áform um tekjur af sölu hlutabréfa og annarra eignarhluta höfðu ekki náð fram að ganga. Innheimtar

afborganir lána námu 5,0 ma.kr. og þarf því að innheimta 10,6 ma.kr. þrjá síðustu mánuði ársins til að ná markmiði fjárlaga.

## 5.2 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Í 5. gr. fjárlaga er fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar. Lántökuheimildir fjárlaga árið 2001 og notkun þeirra voru sem hér segir í lok september:

**Tafla 25 Lántökur og endurlán ríkissjóðs**

Í m.kr.	Fjárlög 2001	Útkoma í lok sept.
Lántökur A-hluta	27.600	36.669
Endurlán:		
Lánasj. ísl. námsmanna	2.900	2.600
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	850	850
Alþjóðaflugþjónustan	150	150

Lántökur A-hluta ríkissjóðs námu 36,7 ma.kr. í lok september en voru áætlaðar allt að 27,6 ma.kr. í fjárlögum. Um heimild til slíkrar lántöku er vísað til 6. gr. laga nr. 43/1990 um Lánasýslu ríkisins þar sem m.a. segir: "Lánasýslu ríkisins fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að endurfjármagna innlendar og erlendar skuldir fyrir gjalddaga þegar hagstæðari kjör bjóðast. Einnig er Lánasýslu ríkisins heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs erlend skammtímalán til endurgreiðslu áður tekinna erlendra skammtímalána eða breyta sömu skammtímaskuldum í föst lán."

Fjárlög ársins 2001 gerðu ráð fyrir að A-hluti ríkissjóðs endurlánaði 3,9 ma.kr. Í lok september sl. var búið að afgreiða 3,6 ma.kr. af heimildum ársins. Þær 300 m.kr. sem eru óafgreiddar eru vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna.



## 6 Afkomuhorfur ríkissjóðs

Áætlanir í frumvarpi til fjárukalaga um afkomu ríkissjóðs í árslok 2001 sýna að í stað 33,8 ma.kr. tekjuafgangs er nú gert ráð fyrir að hann verði 19,3 ma.kr. eða lækki um 14,5 ma.kr. Í stað þess að handbært fé frá rekstri skili 9,1 ma.kr. er nú gert ráð fyrir að á vanti 3,5 ma.kr. eða breyting til hins verra um 12,6 ma.kr. Í fjárlögum ársins 2001 var gert ráð fyrir að fjárfestingarhreyfingar skiluðu 29,6 ma.kr. í ríkissjóð en nú er hins vegar gert ráð fyrir að á vanti 3,6 ma.kr. og er því breyting til hins verra að fjárhæð 33,2 ma.kr. Áætlað var að svokallaður hreinn lánsfjárfjöfnuður skilaði 38,7 ma.kr. til ríkissjóðs í ár en áætlanir nú gera ráð fyrir að á vanti 7,1 ma.kr. Að lokum var gert ráð fyrir að afborganir af lánum umfram tekin lán næmu 24,2 ma.kr. en nú er aftur á móti gert ráð fyrir að lántökur umfram afborganir nemi 26,3 ma.kr. eða breyting að fjárhæð 50,5 ma.kr.

**Tafla 26 Breytingar á afkomu ríkissjóðs á árinu 2001**

Í ma.kr.	Fjárlög	Fjárukal	Samtals
Tekjur	253,0	(0,1)	252,9
Gjöld	219,2	14,4	233,6
Frá rekstri	33,8	(14,5)	19,3
Rekstrartekjur sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	(15,9)	11,0	(4,9)
Breyting á viðskiptakröfum og skuldum	(8,8)	(9,1)	(17,9)
Handbært fé frá rekstri	9,1	(12,6)	(3,5)
Fjárfestingarhreyfing	29,6	(33,2)	(3,6)
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	38,7	(45,8)	(7,1)
Fjármögnunarhreyfing <sup>1)</sup>	(24,2)	50,5	26,3
Handbært fé í árslok, breyting	14,5	4,7	19,2

1) Lífeyrisskuldbindingar innifaldar

Ríkisendurskoðun hefur lagt mat á afkomuhorfur í árslok 2001 og borið saman við áætlun fjármálaráðuneytis. Stofnunin vill vekja athygli á eftirfarandi í því sambandi.

Ekki eru gerðar athugasemdir við áætlun tekna nema ef að því leyti er varðar söluhagnað af eignum að fjárhæð 21,5 ma.kr. Í lok septembermánaðar höfðu 277 m.kr. verið færðar til tekna vegna sölu eigna. Ef áform stjórnvalda um sölu Landssíma Íslands hf. og fjármálastofnana ná ekki fram að ganga fyrir árslok mun afkoma ríkissjóðs versna er nemur þeirri fjárhæð.

Hækkun lífeyrisskuldbindinga milli árana 2000 og 2001 gæti numið allt að 27 ma.kr. Af þeirri fjárhæð er fært til gjalda hjá A-hluta ríkissjóðs um 9 ma.kr. og 18 ma.kr. um endurmatsreikning. Í árslok er gert ráð fyrir að lífeyrisskuldir ríkissjóðs hækki um 12 ma.kr. Þegar tekið hefur verið tillit til sérstakra greiðslna hans á árinu 2001 að fjárhæð 12,5 ma.kr. Heildarskuldir eru áætlaðar í árslok um 175 ma.kr. Við framangreint mat var m.a. tekið tillit til áætlaðrar hækkunar lífeyrisskuldbindinga vegna kjarasamninga lögreglumanna og tollvarða ásamt endurmati á lífeyrisskuldbindingum fyrrverandi hæstaréttardómara.

Stofnunin hefur lagt mat á framlag til almannatryggingakerfisins, afskrift skattkrafna og vaxtagreiðslur. Fjárheimildir að teknu tilliti til fjáráukalagafrumvarpsins nema 59,5 ma.kr. á árinu 2001. Ríkisendurskoðun telur hins vegar að útgjöld vegna þessara viðfangsefna gætu orðið um 1 ma.kr. hærri.